

Mál nr. 170/2015
M og
vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar.

Krafa um bætur vegna ferðarofs þ. 23.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.5.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 13.5.2015

Málsatvik.

Sonur M axlarbrotnaði á fyrsta degi skíðaferðar og segir M að vegna aðstæðna hafi verið örðugt að koma honum á sjúkrahús en M og kona hans foreldrar drengsins hafi þurft að vakta hann m.a. vegna þess m.a. að hann mátti ekki sofa liggjandi. M segir að ekki skipti máli hvort sonur hans hafi verið lagður inn á sjúkrahús eða sá háttur hafður á sem hann lýsir og ferðin hafi verið ónýt vegna slyssins og krefst M bóta úr Visa kreditferðatryggingu sinni hjá V segir að M byggi á því að hann eigi rétt á bótum vegna þess að sonur hans hafi slasast og þess vegna hafi ferðin orðið ónýt. V vísar til greinar 4.6.1. í vátryggingaskilmálum en þar segir að liggja þurfi fyrir skriflegt frá lækni að vátryggður þurfi að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss auk fleiri skilyrða, en tilgreind skilyrði séu ekki uppfyllt og því ekki um bótaskyldu að ræða úr umræddri vátryggingu.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum umræddrar tryggingar koma fram ákveðin skilyrði í grein 4.6.1. sem þurfa að vera fyrir hendi til að bótaskylda sé fyrir hendi úr tryggingunni sbr. það sem að ofan greinir. Þau skilyrði voru ekki uppfyllt í máli M og því ekki um bótaskyldu V að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.6.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl

Jón Magnússon hrl.